Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is
Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

# Sveitarstjórinn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir hönd sveitarstjórnar gerir kunnugt um

# Lóðarleigusamning

Með samningi þessum er *Hraunteigi ehf, kt. 430903-3490 og Gamla settinu ehf, kt. 680394-2379* leigð lóðin *nr. 3 við Suðurbraut, Skeiða- og Gnúpverjahreppi* úr lendum sveitarfélagsins. Landnúmer 166628 til þess að byggja á henni *atvinnuhúsnæði*.

1. Lóðin er að flatarmáli *2.500 fermetrar* og er lega hennar, lögun og takmörk eins og sýnt er á uppdrætti Landforms, dags. *9.9.2016* þeim er fylgir hér með, og er hann í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt Suðurbraut og E-götu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

2. Lóðin er leigð til 25 ára frá undirskrift þessa bréfs, að þeim tíma liðnum framlengist leigutíminn um 5 ár í senn, sé honum eigi sagt upp með eins árs fyrirvara. Eldri lóðarleigusamningur frá 1987 er fallinn úr gildi.

3. Ársleigan er ákveðin 1% af fasteignamati lóðarinnar. Leiguna skal greiða á sömu gjalddögum og önnur fasteignagjöld af lóðinni og mannvirkjum sem á henni verða byggð.

4. Skylt er leigutaka að leyfa lagningu holræsa, vatns- og hitaveitulagna, rafmagns, síma o.fl. þess háttar um lóðina án endurgjalds, enda sé lóð eða mannvirkjum ekki spillt með því.

5. Vilji sveitarstjórn ekki, að loknum leigutímanum, leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús sem þá er á lóðinni, standa áfram, skal Skeiða- og Gnúpverjahreppur greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástand bygginganna.

6. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum sem á henni verða gerð. Sala skal tilkynnt til skrifstofu sveitarfélagsins um leið og hún fer fram. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undirgengist gagnvart leigusala með þessum leigusamningi, enda hvíli skuldbindingarnar á lóðinni og færist yfir á veðhafa eða aðra sem öðlast leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á leigusamningnum varðar því þá, sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.

7. Hin leigða lóð er á iðnaðar- og athafnasvæði og skal nýting og starfsemi á lóðinni taka mið af því. Leigutaki skal ávallt leitast við að hafa ásýnd hinnar leigðu lóðar snyrtilega og búa svo um lausamuni og önnur verðmæti á lóðinni snyrtilega og þannig að ekki stafi af þeim hætta. Brjóti leigutaki ákvæði þetta þá skoðast það sem veruleg vanefnd á leigusamningi þessum sem veitir leigusala þá fortakslausa heimild til riftunar leigusamningsins.

8. Skylt er leigutaka að reisa byggingar sínar og mannvirki á lóðinni í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins og reglugerðir og lög þar að útandi.

9. Leigutaki greiði alla opinbera skatta og gjöld sem lögð kunna að vera á lóðina sem gjaldstofn.

10. Leigutaki skal innan 3ja mánaða frá undirritun þessa bréfs hafa sett glögg og varnaleg merki um lóðina er sýni hornmörk hennar. Girðingu má ekki gera um lóðina nema samþykktar byggingar- og skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins hafi verið leitað.

11. Reisi leigutaki ekki mannvirki á hinni leigðu lóð þá gilda ekki heimildir 6. tl. þessa lóðaleigusamnings um heimildir til þess að selja og veðsetja leigurétt á lóðinni.

12. Brjóti leigutaki í einhverju ákvæði þessa samnings, þá er leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn úr gildi og lóðin fallin aftur til sveitarfélagsins.

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

13. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands og er sáttatilraun dómara nægjanleg.

14. Leigutaki greiði stimpil- og þinglýsingargjald af samningi þessum.

15. Samningur þessi er gerður og undirritaður í þremur eintökum, einu handa hvorum aðila og einu til þinglesturs.

Selfossi, 28. 9. 2020

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Undirritaðir leigutakar ganga að framangreindum leiguskilmálum og skuldbinda sig til að halda þá í öllum greinum.

Hraunteigur ehf.
Hraunteigi, 801 Selfoss
Birgir Örn Birgisson 040759-2989

Fyrir hönd Hraunteigs ehf

Birgir Sigurjónsson 1902384159

Fyrir hönd Gamla settsins ehf

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila þessa samnings.

| Nafn. | kt. |
| --- | --- |
| Hólmfríður Baldursd. | 221147-2359 |
| Kristjána Heyden G. | 291250-3519 |

# Skjöl úr þinglýsingu

Hjálagt sendist yður í frumriti skjal/skjöl er barst embættinu til þinglýsingar. Skjalinu hefur verið þinglýst sbr. áritun þar um og verið fært í veðmálabækur embættisins.

Skjalið/skjölin eru auðkennd 2020 B 387

Hvolsvelli, 5. nóv 2020

fhs. [signature]

f.h. þinglýsingadeildar

SÝSLUMAÐURINN Á SUÐURLANDI

Móttekið: Skeiða og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfossi

# Greiðslukvittun

KEM030 Sjóður nr. 661701

Dagsetning 04.11.2020 09:17:23

**Sýslumaðurinn á Suðurlandi**
kt. 680814-0150 sími:458-2800
Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

Staðgreiðslugjöld

Greiðslukvittun nr: 8100/0000420347

**Gjaldandi**
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

540602-4410

Gildisdagur greiðslu 03.11.2020

| Texti | Fjöldi | Einingaverð | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| VT Sértekjur innheimtuembætta<br>Vottorð úr hlutafélagaskrá | 2 | -700 | -1.400 |

innborgun á reikning 19

GREITT
- NÓV. 2020

| Samtals greitt af bankareikningi kr. | Höfuðstóll | Vextir | Kostnaður | Innborgun |
|---|---|---|---|---|
| | -1.400 | 0 | 0 | -1.400 |

Greiðslukvittun þessi á uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi skv. reglugerð nr. 505/2013.

## Greiðslukvittun

KEM030 Sjóður nr. 661701

Dagsetning 04.11.2020 09:17:25

**Sýslumaðurinn á Suðurlandi**
kt. 680814-0150 sími:458-2800
Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

Greiðslukvittun nr: 8100/0000420348

**Gjaldandi**
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

540602-4410

Eign: F 2202762 Suðurbraut 3
Tegund skjals: LOD Lóðarleigusamningur
Þinglýsingarnúmer: **447-B-003871/2020**

Gildisdagur greiðslu 03.11.2020

| | | Höfuðstóll | Staða fyrir greiðslu | Staða eftir greiðslu | Fjárhæð |
|---|---|---|---|---|---|
| **ÞS Þinglýsing og stimpilgjöld** | | Gjaldstofn | 0 | | |
| | Stimpilgjald | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Stimpilsekt | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Þingl.gjald | 2.500 | 2.500 | 0 | -2.500 |
| Samtals: | | 2.500 | 2.500 | 0 | -2.500 |
| | | | | **Samtals greitt** | **-2.500** |

Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er aðila heimilt að fá ákvörðun sýslumanns um stimpilgjald rökstudda. Kæruheimild skv. 11. gr.laga nr. 138/2013, um stimpilgjald: Gjaldanda er heimilt að kæra ákvörðun sýslumanns um stimpilgjald til yfirskattanefndar innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunar. Kæran frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

**ATH. SKJALIÐ VERÐUR AÐEINS AFHENT GEGN FRAMVÍSUN ÞESSARAR KVITTUNAR**

innborgun á reikning 19

GREITT
-4. NÓV. 2020

| | Höfuðstóll | Vextir | Kostnaður | Innborgun |
|---|---|---|---|---|
| **Samtals greitt af bankareikningi kr.** | **-2.500** | **0** | **0** | **-2.500** |

Greiðslukvittun þessi á uppruna sinn í rafrænu bókhaldskerfi skv. reglugerð nr. 505/2013.